

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu um 138
dag- og náttmerki á skipum. — Að gefnu tilefni skal yður, herra sýslumaður 18. nóv.
 hjer með til vitundar gefið, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að reiðafelld
 fiskiskip, sem lagt er mannlásum til vetrarlegu við land, út úr venjulegri
 skipalegu og skipaleið, verða ekki álitin falla undir fyrirmæli 5. greinar a. í
 tilsk. 26. sept. 1890 um að alþjóðlegum sjóferðareglum skuli fylgt á íslenskum
 skipum, og ber því eigi að heimta dag- og náttmerki á slíkum skipum, sem
 lagt er til vetrarlegu á Hafnarfirði, ef þeim er lagt svo, sem að framan grein-
 ir, á þeim stað, er þjer ásamt hafnsögumanninum veljið og vísið á til vetrar-
 legunnar.

Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um 139
toll af sykri. — Fyrirspurn sýslumannsins um það, hvort kaupmaður nokk- 30. nóv.
 ur á Sauðárkrók yrði skyldaður til að greiða toll af 295 pd sykurs, er talin
 voru send honum á tollskrá og *manifesti* skipsins »Thyra« í síðustu ferð, en
 sem vissa var fyrir, að hann hafði ekki fengið, með því að varan fannst ekki
 í skipinu við komu þess til Sauðárkróks, svarað neitandi.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um fast reikningsform fyrir 140
sparisjóði. — Eins og yður, herra amtmaður, er kunnugt, hefur það jafnan verið 30. nóv.
 haft í skilyrðum, þegar sparisjóðum hjer á landi hafa af landshöfðingja verið
 veitt hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, að sparisjóðirnir sendu
 hingað eptirrit af reikningum sjóðanna, þegar búið er að semja þá í lok hvers
 árs eður reikningstímabils, ef reikningstímabilið eigi fellur saman við almanaks-
 árið. Þessum fyrirmælum hefur reyndar optast verið fylgt, en stundum að eins
 að nafninu til, því eigi sjaldan hafa reikningar þessir verið svo óljósir og ó-
 fullkomnir, að enga greinilega hugmynd hefur verið unnt að fá um hag sjóð-
 anna, og margra atriða eigi verið getið í reikningunum, er talsverða þýðingu
 getur haft að fá upplýsingar um, og sem eru skilyrði fyrir því, að hægt sje að
 fá viðunanlegar hagfræðislegar skýrslur um sparisjóðina.

Út af þessu hef jeg samkvæmt heimild þeirri, er mjer er til þess veitt
 í ofanefndri tilskipun, álitíð það nauðsynlegt, að fyrirskipa fast form fyrir
 reikningum þeirra sparisjóða, sem njóta þeirra hlunninda, er nefnd silskipun
 ræðir um, og skal jeg hjer með. um leið og jeg sendi yður, herra amtmaður,
 sýnishorn af reikningsformi þessu, þjónustusamlega skora á yðar að leggja
 fyrir stjórnir allra slíkra sparisjóða í umdæmi yðar, að haga reikningsfærslu
 sinni nákvæmlega eptir þessu formi, þannig að bæði sjeu samdir og sendir
 hingað reikningar yfir tekjur og gjöld sjóðanna fyrir hlutaðeigandi reiknings-
 tímabil og auk þess jafnaðarreikningar yfir ástandið í lok reikningstímabilsins,
 svo að jafnan sje hægt að hafa sem ljósast yfirlit yfir allan fjárhag sjóðanna,
 og mun veiting ofanefndra hlunninda eptirleiðis verða bundin því skilyrði, að
 þessu reikningsformi sje fylgt af hálfu sparisjóðanna.

31. dag desembermán. 1892.

140 Ef einhverjir eru sparissjóðir í amti yðar, er ekki njóta margnefndra 30. n.óv. hlunninda, bið jeg yður samt tjá þeim áskorun mína um, að fylgja sama formi og senda hingað reikninga sína til afnota við hagfræðislegar skýrslur um sparisjóði á landinu.

(Sýnishorn:)

Reikningur

_____ yfir tekjur og gjöld sparissjóðsins í fyrir árið

Tekjur:

1. Peningar í sjóði frá f. á.	» » »
2. Borgað af lánum:	
a. fasteignarveðslán	» » »
b. sjálfskuldarábyrgðarlán	» » »
c. lán gegn annari trygginu	» » » » » »
3. Innlög í sparissjóðinn	» » »
Vextir þar af fyrir reikningstímabilið, lagðir við höfuðstól	» » » » » »
4. Vextir:	
a. af lánum	» » »
b. aðrir vextir ¹	» » » » » »
5. Ýmislegar tekjur ²	» » »
6. Til jafnaðar móti gjaldlið ³	» » »
7. ⁴	» » »
	Alls » » »

Gjöld:

1. Lánað út á reikningstímabilinu:	
a. gegn fasteignarveði	» » »
b. — sjálfskuldarábyrgð	» » »
c. — annari tryggingu	» » » » » »
2. Útborgað af innlögum samlagsmanna	» » »
þar við bætast dagsvextir ⁵	» » » » » »
3. Kostnaður við sjóðinn:	
a. laun	» » »
b. annar kostnaður	» » » » » »
4. Vextir:	
a. af sparissjóðsinnlögum	» » »
b. aðrir vextir ⁶	» » » » » »

1) t. d. af kgl. ríkisskuldabreyfum, innstæðu í Landsbankanum o. fl.

2) hjer telst andvirði seldra viðskiptabóka o. þvíuml.

3) ef með þarf.

4) hjer teljast fleiri tekjuliðir, ef til eru.

5) þegar allt er tekið út úr einhverri viðskiptabók.

6) t. d. vextir af innstæðu varasjóðs, sjeu hjer af reiknaðir vextir, og vextir af lánum, er sjóðurinn tekur.

5. Ýmisleg útgjöld ⁷	» » »	140
6. Til jafnaðar móti tekjulið ⁸	» » »	30. nóv.
7. ⁹	» » »	
8. Í sjóði hinn	» » »	
	Alls	» » »

Jafnaðarreikningur

sparisjóðsins í í lok reikningstímabilsins

Aktiva.

1. Skuldabrjef fyrir lánum:		
a. fasteignarveðskuldabrjef	» » »	
b. sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	» » »	
c. skuldabrjef fyrir lánum gegn annari trygging ¹	» » »	» » »
2. Konungleg ríkisskuldabrjef	» » »	
3. ²	» » »	
4. Útistandandi vextir, áfallnir við lok reikningstímabilsins	» » »	
5. Í sjóði	» » »	
	Alls	» » »

Passiva.

1. Innlög samlagsmanna ³ alls	» » »	
2. Varasjóður	» » »	
3. Fyrirfram greiddir vextir, sem eigi áfalla fyrr en eptir lok reikningstímabilsins	» » »	
4. ⁴	» » »	
5. Til jafnaðar móti tölulið 5 í aktiva	» » »	
	Alls	» » »

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um húsaskatt af 141 bræðsluhúsum. — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra sýslumaður, 30. nóv. jarðabókarsjóðsávisun fyrir 18 kr., sem er upphæð reiknings þess yfir kostnað við húsavirðingar á Akureyri, er þjer senduð mjer með þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., skal jeg út af fyrirspurn yðar í nefndu brjefi taka fram, að enginn vafi getur leikið á því, að þegar hús eru virt til húsaskatts, á að virða þau með öllu múr- og naglföstu, og er engu meiri heimild til að sleppa úr virðing-

7) t. d. kostnaður við innheimtu lána, endurborgaðir fyrirframgreiddir vextir af lánum o. fl.

8) ef þess þarf með.

9) sje um fleiri útgjaldaliði að ræða, en komnir eru á undan »í sjóði«

1) hjer undir vixillán, keyptar ávisanir, handveðslán og þess háttar.

2) önnur aktiva, ef nokkur eru, svo sem innstæða í bankanum; þó má ekki telja áhöld með.

3) í eyðunni bér að greina tölu þeirra, er fje eiga inni í sjóðnum (tölu viðskiptabóka)

4) önnur passiva, ef nokkur eru, svo sem lán, er sjóðurinn kann að hafa tekið, koma þeir hjer.